



Borgarráð

Reykjavík, 4. nóvember 2024

FAS23090001

Varmahlíð 1, Perlan, sölufarli

Varmahlíð 1, Reykjavík, Perlan ásamt tveimur tönkum, var auglýst til sölu í júlí sl. Var sölufarlinu skipt í tvö þrep og kveðið á um að lágmarksverð væri kr. 3.500.000.000,-.

Eftirfarandi skilyrði voru sett í auglýsingu á þrepi eitt í sölufarli:

- Reykjavíkurborg hefur forkaupsrétt að eigninni.
- Kvöð um að húsnæði, bílastæði og lóð verði opið almenningi endurgjaldslaust eða gegn hóflegri gjaldtöku.
- Kvöð um að grunnskólabörn í skólum Reykjavíkur geti heimsótt safnið sem verður rekið í húsinu endurgjaldslaust tvisvar sinnum á skólagöngunni 1 til 10 bekk.

Aðeins þeim umsækjendum sem skiluðu inn umsókn ásamt umbeðnum gögnum á þrepi 1, boðið að leggja fram kauptilboð á þrepi 2.

Tveir aðilar skiluðu inn umsókn á þrepi 1. Voru það félögin Reykjastræti ehf. og Perlan þróunarfélag ehf. Báðum félögum voru afhent ítarlegri gögn um fasteignina.

Á 2. þrepi barst einungis tilboð frá öðrum umsækjandanum, þ.e. frá Perlunni þróunarfélagi ehf. Hefur bjóðandi verið leigutaki í Perlunni sl. 8 ár.

Tilboðsverð er kr. 3.507.161.172,-

Í kauptilboði var kveðið á um ákveðna fyrirvara sem verið er að skoða með tilliti til þess hvort hægt er að fallast á fyrirvarana eða ekki.

Samningaumleitarnir hafa gengið samkvæmt áætlun miðað við eðli og umfang söluandlagsins sem er eitt helsta kennileiti Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa